

Hagyrðingakvöld

Í tilefni sjötíu ára afmælisins verður haldið hagyrðingakvöld í Skaftfellingabúð síðasta vetrardag, 21. apríl 2010, kl. 20:00, undir stjórn Ómars Ragnarssonar.

Þar leiða saman hesta sína Austur-Skaftfellingarnir Torfhildur Hólm Torfadóttir á Gerði, Halldór Þorsteinsson í Svínafelli og Vestur-Skaftfellingarnir Heiða Guðný Ásgeirsdóttir á Ljótastöðum og Reynir Ragnarsson í Vík. Að kveðskap loknum verður stiginn dans undir harmonikkuleik valinkunnra snillinga. Aðgangur ókeypis, en léttar veitingar seldar.



Jöklaísinn frá Árbæ á Mýrum fæst hjá Frú Laugu að Laugalæk 6 í Reykjavík

– Aðalfundur Skaftfellingafélagsins –

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 6. maí 2010, kl. 20:30 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2009-2010

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	660 2404	armann@verktaki.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@technik.is
Stefán Bjarnason	565 3919	822 8895	stefan@seltjarnarnes.is
Varamenn			
Edda Sigurðis Oddsdóttir	588 0113	892 4503	edda@skogur.is
Hákon Jón Kristmundsson	565 1454	821 2115	hakon_jon@hotmail.com
Jón Geir Birgisson	567 5558	865 6604	jongeirb@simnet.is

Héraðsritið **Skaftfellingur** hefur verið gefinn út í Austur-Skaftafellssýslu frá árinu 1978. Hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar eru til sölu 15 árgangar í setti á kr. 5.000, en 3. árg. er uppseldur. Upplýsingar í síma 470 8050.



Skinney Pinganes

sendir heillaóskir í tilefni 70 ára afmælis Skaftfellingafélagsins



Mýrdalshreppur

óskar Skaftfellingafélaginu til hamingju með 70 árin

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

2. tbl. mars 2010

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Aðalfundur Skaftfellingafélagsins**
fimmtudaginn
6. maí 2010
kl. 20:30

- **Vortónleikar Söngfélags Skaftfellinga**
Seltjarnarneskirkja
sunnudaginn
2. maí 2010, kl. 14

- **Hagyrðingamót og harmonikkudans**
síðasta vetrardag
21. apríl 2010

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11
Sjá síðasta fréttabréf

- **Heimasíða**
www.skaft.is

70 ára afmæli Skaftfellingafélagsins

Sunnudaginn 21. mars næstkomandi verður Skaftfellingafélagið í Reykjavík 70 ára.

Afmælishátíðin hefst með Skaftfellingamessu kl. 14 í Breiðholtskirkju, en þar þjóna sr. Bryndís Malla Elísdóttir sem áður þjónaði á Klaustri og sr. Gísli Jónasson prófastur sem áður þjónaði í Vík. Að austan koma sr. Haraldur M. Kristjánsson prófastur og sóknarprestur í Vík og sr. Ingólfur Hartvigsson á Klaustri. Einnig taka þátt í athöfninni sr. Sigurjón Einarsson fyrrum prófastur og prestur á Klaustri og sr. Hjörtur Hjartarson fyrrum prestur að Ásum. Kirkjukórar í Vestur-Skaftafellssýslu og Söngfélag Skaftfellinga syngja við messuna.

Að lokinni guðsþjónustu, um kl. 15:30 hefst afmælis-kaffi í Skaftfellingabúð að Laugavegi 178. Þar verður boðið upp á kaffi, söng kóranna, myndasýningu og sitthvað frá sögu félagsins verður rifjað upp.

Allir Skaftfellingar eru velkomnir.

Um upphaf Skaftfellingafélags í Reykjavík

Í bókinni „Ragnar í Skaftafelli“ e. Helgu K. Einarsdóttur er minnst á upphaf þess að farið var að tala um stofnun félags Skaftfellinga í Reykjavík. Þetta mun hafa verið fljótlega eftir aldamótin 1900. „Um það leyti efndu Skaftfellingar í Reykjavík til fundar með sér til að koma á virkum félagsskap fólks sem flutt hafði úr Skaftafellssýslum og sest að í Reykjavík. Í tengslum við þetta mun hafa verið óskað eftir að skaftfellskir hagrýðingar leggðu fram kvæði þar sem þeir minntust áttthaganna... ..En tvö kvæðanna sem bærust fengu mjög góða dóma. Annað þeirra orti Jón Austmann frá Gerði. Það hlaut fyrstu verðlaun. Kvæðið sem hlaut önnur verðlaun hygg ég að hafi ort kona úr Vestur-Skaftafellssýslu sem hét Helga María. Ég held að hún hafi verið ættuð frá Mörk á Síðu.“

Skaftfellingar safna sér saman lands í höfuðbænum. Hratt nú margra hugur fer á hlýjan stað nú borinn er. Æskuminning virðum vér vetrar sem í hreyfist blænum. Skaftfellingar safna sér saman lands í höfuðbænum.

Skaftafells er sýsla sönn sögumynd þess þekkjá fáíð. Byrst við sanda brotnar hrönn bungar á hnúkum stálhörd fönn. Reyni, víði, rós og hvönn í ríkum mæli einnig sjáið. Skaftafells ... o.s.frv.

Þegar árdags geislaglóð glæsta sveipar jökulhnúka endurkastast eldhafs flóð yfir steypist menn og fljóð líður burtu leiðin njóð lundin við það hressist sjúka. Þegar ...o.s.frv.

Jökul veltast ólmar ár einatt yfir nakta sanda. Þeirra skemmda sker oft ljár skaða, til að örva tár. Þarna er margur maður knár og mikið fríðar eyjur banda Jökul ... o.s.frv.

Þessi harða hrikaströnd hjórtun full af kærlík geymir. Mjúk þar gestum mætir hönd mild, sem vina tengir bönd. Þarna er flestra falslaus önd og fornun skyldum aldrei gleymir. Þessi harða... o.s.frv.

Þetta signi þorablót þrótta guðinn forni, nýi. Skaftfellinga skemmtimót skapi göfug vinahót. Sjáið til þess sveinn og snót sönn að dyggðin aldrei flýi. Þetta signi... o.s.frv.

Jón Austmann

Þú fjallavengið fríða, þú frelsisbjarta sveit, þú búsað blessuð Síða þig bestu fóstru eg veit. Við hneigjum öll með lotning vor höfuð fyrir þér þú fagra daladrotning þín dýrd vor sómi er.

Við byggðum bæi lága þín brjóstin hlýju við, en allt hið helga og háa var hugsjónanna mið og bláar fjallabrúnir oss bentu himins til. En æskan risti rúnir og réði allt í vil.

Að fornun frændaháttum við fjölmenntum á þing. Við lítið Lögberg áttum með lautum allt í kring. Við unnum eið að byggja upp unga Garðars ey en bein vor láta liggja und litlu gleym mér ei.

Og vel skal við það una hvar vaggan okkar stóð og Ísland elska og muna með eldheitt hjartablót og yngja upp þitt frelsi og alla sanna dáð og höggva af þér helsi en hefja allt þitt ráð.

Helga María

Gluggað í bók hjá Breiðamörk

Áttthagafélag Öraefinga og Suðursveitunga var við lýði hér á höfuborgarsvæðinu um fjörutíu ára skeið. Það byrjaði með því að Öraefingar í Reykjavík tóku að hittast og skemmta sér saman, fyrst haustið 1954. Árið 1958 slógust Suðursveitingar í hópinn og tíu árum seinna var stofnað formlegt félag sem hlaut nafnið Ferðafélagið Breiðamörk.

Félagsskapurinn hélt myndasýningar og stórsamkomur að vetrinum með skemmtiefni, veitingum og dansi. Mestur fjöldi varð á skemmtun í nóvember 1964. Þá mættu 185 í Lindarbæ. Breiðamerkurfolk fór víða um land, lenti í festum og brasi, heimsótti ótal sögustaði, skoðaði náttúruperlur og sigldi til Grímseyjar, Flateyjar á Breiðafirði og Vestmannaeyja. Auðvitað var sungið á leiðinni, ort og kveðið. Fjölmennta ferðin var farin sumarið 1973 á Snæfellsnes. Það var helgarferð og þátttakendur voru 73.

Skagfirðingurinn Andrés Valberg, eiginmaður Þuríðar Jónsdóttur frá Fagurhólsmýri sem var einn af betri hagrýðingum landsins lét að sér kveða bæði í ferðalögum og á samkomum. Þessa vísu orti hann þegar Guðbrandur Benediktsson frá Kálfafelli í Suðursveit gleymdi að láta ferðahóp vita að hann væri hættur við að fara með. Sveitungi hans, Þóra Þorsteinsdóttir, komst að því er hún hringdi heim til hans, eftir að búið var að bíða eftir honum í kortér.

Þaut í símann Þóra reið,
um þankann skammir streyma.
Lilja svarar bringubreið
„Brandur sefur heima.“

Samantekt Gunnþóru Gunnarsdóttur

Formenn Skaftfellingafélagsins frá upphafi

1940-1945 *Hjalti Jónsson*

1945-1950 *Helgi Bergs*

1951-1955 *Haukur Þorleifsson*

1955-1958 *Jón Pálsson*

1958-1965 *Haukur Þorleifsson*

1965-1967 *Jón Pálsson*

1967-1969 *Haukur Þorleifsson*

1969-1970 *Jón Pálsson*

1970-1972 *Guðjón Jónsson*

1972-1974 *Ásmundur Pálsson*

1974-1976 *Ólöf Wolfram*

1976-1980 *Jón Hilmar Gunnarsson*

1980-1983 *Guðbrandur Benediktsson*

1983-1987 *Vigfús Gunnar Gíslason*

1987-1990 *Þorsteinn Guðnason*

1990-1991 *Jón Hilmar Gunnarsson*

1991-1992 *Þórhildur Elíasdóttir*

1992-1992 *Jóna Björk Jónsdóttir*

1992-1993 *Ragnar Engilbertsson*

1993- *Skúli Oddsson*



Bæjarstjórn Hornafjarðar

óskar Skaftfellingafélaginu til hamingju með 70 ára afmælið



Skaftárhreppur

sendir Skaftfellingafélaginu heillaóskir á 70 ára afmælinu